

85. fundur skráningarráðs haldinn 6. október 2014 í húsakynnum Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns kl. 9-11

Fundarmenn: Hallfríður Hr. Kristjánsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir, Þóra Sigurbjörnsdóttir og Áslaug Þorfinnsdóttir (fundarritari).

Einnig sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Landskerfis bókasafna.

Hallfríður Hr. Kristjánsdóttir var boðin velkomin til starfa.

Farið var yfir fundargerðir síðustu tveggja funda og þær samþykktar.

Rósa S. Jónsdóttir var kjörin formaður skráningarráðs.

Gæðahópur Gegnis mun framvegis senda fundargerðir sínar til skráningarráðs til að upplýsa um vinnu við aðlögun Gegnis að nýjum RDA-skráningarreglum.

Fræðslufundur skrásetjara verður 7. nóvember. Efni og fyrirkomulag rætt.

Vangaveltur um skráningu íslenskra rafbóka. Hallfríður er byrjuð að skrá rafbækur sem borist hafa Landsbókasafni. Að þessu efni er ekkert aðgengi eins og er.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 11 og næsti fundur ákveðinn fimmtudaginn 13. nóvember 2014.